

# 6. fundur stjórnar Siðmenntar

4. maí 2023 | Laugavegi 158, Kl: 17:00

## Mætt:

Inga Auðbjörg, Kristín Sævarsdóttir, Arnar Snæberg Jónsson, Sigurður Rúnarsson, Hope Knútsson, Helga Bára Bragadóttir, Guðni Rúnar Jónasson.

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólfsson, nýráðinn framkvæmdastjóri.

## Dagskrá

### 1. Nýr framkvæmdastjóri boðinn velkominn

Kynning á nýjum framkvæmdastjóra. Eftir að aðrir fundarmenn hafa checkað sig inn kynnir Eyjólfur Örn Snjólfsson, nýráðinn framkvæmdastjóri, sig stuttlega og checkar sig út.

### 2. Aðalfundur

Aðalfundur Siðmenntar var haldinn þann 18. mars síðastliðinn. Það á eftir að klára fundargerð, birta samantekt sem frétt á netinu og tilkynna breytingu á stjórn til fyrirtækjaskrár.

### Aðgerðalisti

Atriði	Ábyrgur
Finna og hreinrita fundargerð frá aðalfundi.	Siggi
Setja upp og birta upplýsingar á heimasíðu.	Eyjólfur
Prenta form til fyrirtækjaskrár og hafa tilbúið.	Eyjólfur

### 3. Mannauðsmál

Verkefnastjóri borgaralegra ferminga og verkefnastjóri athafnaþjónustu fræðslumála hafa sagt upp störfum auk þess sem verkefnastjóri fræðslumála, sem er í 50% starfshlutfalli, mun hverfa á önnur mið í lok árs.

- Verkefnastjóri borgaralegra ferminga hefur þegar hætt störfum
- Verkefnastjóri athafnaþjónustu vinnur út júní
- Verkefnastjóri fræðslumála getur unnið út desember (50% starfshlutfall)

Fjárhagsstaða félagsins er til skoðunar og því verður aðeins beðið með frekari ráðningar.

Skrifstofan mun sjá um að undirbúningur ferminga 2024 og aðrar athafnir fari í eðlilegt ferli. Skoða má hvort verkefnastjóri fræðslumála geti tekið yfir fermingarhlutann og framkvæmdastjóri hlaupið undir bagga með tækifærisathafnir.

### Ákvörðunarlisti

Atriði
Beðið verður aðeins með frekari ráðningar.
Skoðað hvernig nýta megi núverandi starfsmenn sem best.

### 4. Rekstur Siðmenntar

Félagið hefur fengið tímabundinn yfirdrátt til að geta staðið við skammtímaskuldbindingar sínar, jafnframt er verið að selja ríkisbréf til að bæta lausafjárstöðu félagsins.

Verkefnastjóri ferminga var búin að gera lauslega áætlun sem gefur til kynna að ástæða sé til að greina reksturinn betur..

Tækifærisviðburðir eru dýrir og við erum að halda heimsping húmanista í Kaupmannahöfn um Verzlunarmannahelgina. Félagið mun skoða hvaða viðburðir verða haldnir og hverjir ekki.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar munu kafa í rekstrargögn, skoða stöðuna og gera rekstraráætlun.

**Aðgerðalisti**

Atriði	Ábyrgur
Greina stöðu félagsins	Eyjólfur
Gera rekstraráætlun á mánaðargrundvelli	Eyjólfur

**Ákvörðunarlisti**

Atriði
Félagið mun ráðast í sparnaðaraðgerðir eins og þurfa þykir.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands